

Skýrsla stjórnarformanns 2013

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 1. mars 2013 hefur stjórn SAM haldið átta bókaða fundi.

Meðal verkefna sem stjórn SAM hefur unnið að frá síðasta aðalfundi var skipan fulltrúa í Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins, en skipuð voru fyrir hönd SAM þau Pálmi Vilhjálmsson og Guðrún Sigurjónsdóttir og til vara Einar Sigurðsson.

Þá var skipað í Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins, en af hálfu SAM voru skipaðir Guðni Ágústsson, Björn S. Gunnarsson og Baldur Jónsson og af hálfu LK var Baldur H. Benjamínsson skipaður í nefndina. Fulltrúi SAM á aðalfundi IDF sem haldin var í Yokohama í Japan var Bjarni Ragnar Brynjólfsson skrifstofustjóri SAM og ritari IDF á Íslandi.

SAM gerði tillögu um greiðslumark mjólkur fyrir verðlagsárið 2014.

Auk ofangreindra verkefna var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara sem og ýmis önnur mál sem eru mjólkuriðnaðinum mikilvæg.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2013

Mjólkurframleiðsla minnkaði nokkuð á árinu 2013 og var 122,9 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM, árið 2012 var framleiðslan 125,1 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun mjólkurinnleggjenda 2013 var 186.799 lítrar og lækkaði um 466 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 658 og hafði fækkað um tíu á árinu.

Greiðslumark verðlagsársins 2013 var 116 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á mótí 122.913.961 lítrum. Mjók umfram greiðslumark hjá aðildafélögum var því 6.984.859 lítrar.

Greiðslumark verðlagsársins 2014 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 125 milljónir lítra. Greiðslumarkið hefur verið aukið um 9 milljónir lítra frá árinu 2013 og er ánægjulegt að þróun í sölu mjólkurafurða innanlands gefi tilefni til að auka greiðslumarkið svo mikið.

Sala mjólkurvara árið 2013 var mjög góð og varð aukning í sölu bæði á próteingrunni og fitugrunni. Umreiknuð sala á próteingrunni nam um 117,6 milljónum lítra sem var aukning um 2,1 milljónir lítra frá síðasta ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var um 120,8 milljónir lítra, sem var aukning um 6,7 milljónir lítra frá fyrra ári. Sala á fitugrunni árið 2013 var því 3,1 milljónum lítra hærrí en sala á próteingrunni. Þetta er í fyrsta skiptið sem sala á fitugrunni er hærrí en sala á próteingrunni frá því að umreikningur á fitu- og próteingrunn hófst árið 1994.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 146 tonn á milli ára. Aukningin var mest í innflutningi á smjöri og ostum, en innflutningur á dufti og ferskvörum minnkaði samtals um 9 tonn. Innflutningur árið 2013 samsvavar um 2,4 milljónum lítra af mjók á próteingrunni og um 3,6 milljónum lítra á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða minnkaði verulega á árinu 2013 eða um 32%. Mestur var samdrátturinn í útflutningi á dufti (425 tonn), smjöri (369 tonn) og ostum (282 tonn). Útflutningur á skyri jókst um 31% á árinu og var 681 tonn.

BREYTINGAR Í REKSTRI SAM

Á fyrri hluta árs 2013 var ákveðið að flytja starfsemi Rannsóknarstofu SAM og Framleiðendapjónustu SAM til Mjólkursamsölunnar. Framleiðendapjónustan hafði þá um árabíl verið undir faglegri stjórn gæðastjóra Mjólkursamsölunnar. Þessi tilflutningur á starfsemi er liður í þeirri stefnu að mynda heildstætt gæðakerfi sem nær frá bónda til neytenda.

Mjólkursamsalan keypti þann búnað sem tilheyrir þessari starfsemi af SAM og yfirtók reksturinn frá og með 1. júlí 2013.

Febrúar 2014

Jóhannes Ævar Jónsson stjórnarformaður